

Reykjavík, 22. september 2023.

## Fjárlaganefnd Alþingis

c/o Stefán Vagn Stefánsson formaður

Undirritaður fer þess vinsamlega á leit við fjárlaganefnd fyrir hönd Fornminjanefndar að framlag til Fornminjasjóðs samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 verði tekið til gagngerar endurskoðunar í ljósi þeirrar stöðu sem hér verður rakin í stuttu máli.

Staðan er sú að framlag til sjóðsins fyrir árið 2023 að upphæð 106.588.000 kr. lækkar skv. fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2024 í 48.000.000 kr. Fornminjanefnd stendur því frammi fyrir ríflega 50% niðurskurði á ráðstöfunarfé til úthlutunar milli ára sem er óskiljanleg aðför að sjóðnum. Ef fjárlaganefnd grípur ekki inn í þetta mál af festuþýðir með öðrum orðum að áætlanir fornminjanefndar um úthlutanir til næsta árs hafa verið settar í fullkomið uppnám. Félag fornleifafræðinga höfðu sömuleiðis staðið í þeirri trú að á síðasta ári hafi Alþingi loksins vaknað af langvarandi dvala í afstöðu sinni til þessa málaflokks og sýnt virðingarvert viðlit. Þann sýnda áhuga og vilja fjárlaganefndar vill Fornminjanefnd þakka hér sérstaklega.

Verkefni sjóðsins eru sannarlega knýjandi og hafa aldrei verið meiri meðal annars vegna þegar fram komina loftslagsbreytinga, stigvaxandi öfga í veðurfari, eldgosa og miklum áskorunum vegna hækkaðrar sjávarstöðu og gifurlegs landbrots á svæðum allt í kring um landið. Þá hafa skriðuföll aukist vegna veðuröfga og samanlagt kallar þessi staða á margfaldar áskoranir umfram það sem verið hefur. Náttúruvá hefur nú þegar kallað á áskoranir sem verður ekki mætt nema með stóruknum fjárveitingum og skilningi á aðstæðum.

Hafa ber í huga að Ísland stendur gríðarlega illa í öllum samanburði í þessum málaflokki gagnvart viðmiðunarþjóðum þar sem hérlendis er einungis búið að skrá minjar á um 30% landsins svo dæmi sé tekið. Nágrannalöndin hafa hinsvegar öll lokið að fullu tveimur til þremur yfirferðum skráningar á öllu landi sem eru þó margföld að stærð á við Ísland. Fornleifafræði krefst að jöfnu 4 – 5 ára háskólanáms, auk þeirra sérhæfðu kúrsa sem margir sækja innan þessarar mikilvægu fræðigreinar. Það blasir því við, að störf og verkefni þessara sérfræðinga sem mörg hver eru úti á landsbyggðinni, eru víða í uppnámi ef stórukinn skilningur og hugarfarsbreytingin innan Alþingis fæst ekki á þessari óboðlegu stöðu.

Það sem verra er þá virðist útilokað að sjóðurinn geti á nokkurn hátt mætt áfangaskiptum fornleifauppgröftrum sem þegar eru í gangi (sem taka að venju mörg ár að klára) fyrir vikið munu fornleifar liggja undir óbætanlegum skemmdum vegna veðrunar verði þeim verkefnum ekki framhaldið í samfellu og lokið til fulls.

Til þess að fjárlaganefnd sé að fullu upplýst um verksvið Fornminjanefndar þá lögbundið hlutverk hennar að stuðla að varðveislu og rannsóknum á fornminjum og ber sjóðnum að úthluta til tilgreindra verkefna og þá helst til fornleifarannsókna (þ.e. fornleifauppgraftrar og fornleifaskráningar), miðlunar upplýsinga um fornminjar, varðveislu og viðhalds fornminja og rannsókna á forngripum. Auk þessa er Fornminjasjóði heimilt að veita styrki til viðhalds annarra menningarminja sem hafa menningarsögulegt, vísinda eða listrænt gildi t.d. minja sem njóta ekki friðunar á grundvelli aldurs en teljast hafa varðveislugildi. Þá ber fornleifasjóði að taka við styrkumsóknum til að stuðla að varðveislu báta og skipa og annarra samgöngutækja. Við síðustu úthlutun var í fyrsta skipti mögulegt á grunni hækkaðs framlags að mæta dálitlum stuðningi við endurgerð fornþáta og um leið handverki bátasmiða þess tíma. Eðli máls mæltist úthlutun til báta vel fyrir enda má segja að bátaarfurinn sé á síðustu metrum þess að hægt verði að bjarga þeim stórmerka menningararfi meðal annars eintökum súðbyrtra báta svo og handverki sem eru nú á skrá Unesco

<https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2021/12/14/Sudbyrdingar-a-skra-UNESCO-yfir-oathreifanlegan-menningararf/>

Fornminjanefnd lýstir því yfir þungum áhyggjum að ekki skuli hafa orðið viðhorfsbreyting hjá stjórnvöldum í þessum efnum. Nefndinni þykir það sannarlega réttmæt krafa að grunnframlag til sjóðsins verði hækkað varanlega til samræmis við umfangið svo að Fornminjanefnd sé ekki knúin endurtekið til þess fyrir hvert fjárlagaár að leita á náðir fjárlaganefndar til þess að nefndinni sé raunverulega unnt að standa við lögbundið hlutverk sitt.

<https://www.miniastofnun.is/is/sjodir/fornminjasjodur>

Ljóst er, að verði framlag til Fornminjasjóðs á þeim nótum sem fjárlagafrumvarpið leggur til, verður Fornminjanefnd nánast óstarfhæf miðað við öll þau knýjandi verkefni sem fyrir liggja. Þau munu hreinlega stöðvast vegna fjárskorts. Til þess er hörmulegt að líta, þegar loksins virtist í sjónmáli, miðað við síðustu úthlutun til sjóðsins, að unnt yrði á þessu ári og hinum næstu að mæta í auknum mæli hinni bráðnauðsynlegu fornminjaskráningu og þeim fjölmörgu og metnaðarfullu rannsóknarverkefnum, sem hvarvetna blasa við og fornleifafræðingar hafa unnið að. Á síðasta ári námu umsóknir til Fornminjasjóðs samtals 236.916.573 kr. Raunveruleg fjárþörf til þessa málaflokks er þó augljóslega margfalt meiri, því að vegna bágrar stöðu sjóðsins til margra ára höfðu margir fornleifafræðingar hreinlega gefist upp á því að sækja í sjóðinn og því miður margir hreinlega hætt störfum. Þeir sem sent hafa inn umsóknir hafa líka í of miklum mæli vanáætlað kostnað við verkefni sín vitandi um bága stöðu sjóðsins, bara í þeirri von að fá eitthvað í sinn hlut. Má reyndar fullyrða, að væri ráðstöfunarfé sjóðsins í einhverju samræmi við hið lögbundna verkefni sem honum eru ætluð, myndu árlegar umsóknir nema að minnsta kosti 400 millj. kr. ef litið er til fjölda þeirra verkefna sem bíða.

Í ljósi framanritaðs viljum við trúna því og treysta að fjárlaganefnd grípi mynduglega inn í þessa stöðu eins og á síðasta ári og leggi til að á fjárlögum fyrir 2024 haldi Fornminjasjóður a.m.k. þeirri upphæð, sem kom til úthlutunar á síðasta ári, þ.e. 106 millj. kr. Með þessu er Fornminjanefnd að fara fram með mjög hófstíllta kröfu sé litið til þeirra verðlagsbreytinga sem átt hafa sér stað og hafa þegar haft áhrif á margvíslega verkþætti þessa málaflokks.

Að þessu sögðu óskar undirritaður eftir að fá áheyrn fjárlaganefndar eða formanns hennar ef erindi þetta þarfnast frekari útskýringar. Fjárlaganefnd er einnig hvött til að hafa forgöngu um að tala fyrir varanlegri hækkun grunnframlags til sjóðsins innan alþingis svo að Fornminjanefnd geti gert raunhæfar áætlanir og losað fjárlaganefnd um leið undan endurteknum bréfasendingum og annarri árlegri eftirfylgni þegar málið snýst á endanum um sanngirnir sem ekki ætti að þurfa að réttlæta endurtekið.

Virðingarfyllst og með einlægri ósk um að fallist verði á erindi þetta.

Fyrir hönd Fornminjanefndar,  
Andrés Skúlason formaður

*Andrés Skúlason*